

## Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar: Þingskjal 332 — 274. mál, 144.  
löggjafarþing 2014–2015.**

Stjórnarskrárfélagið fagnar umræddri tillögu til þingsályktunar um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Jafnframt bendir félagið á, að tillagan er lýsandi fyrir ástand lýðræðis í landinu. Í lýðræðisríki ætti ekki að þurfa að benda á jafn sjálfsagðan hlut og þann, að þjóðþingi ber að fara að niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu sem það sjálf hefur boðað til um tillögur að nýrri stjórnarskrá.

Formsins vegna er þjóðaratkvæðagreiðsla sem Alþingi boðar til „ráðgefandi“, en það stafar af því að núgildandi stjórnarskrá er túlkuð þannig að hún leyfi ekki að Alþingi boði til bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um önnur mál en stjórnarskráin tiltekur í 11. gr., 26. gr. og 79. gr. Þess má geta að Danir sníðu slíkan ólýðræðislegan annmarka af sinni stjórnarskrá uppúr miðri síðustu öld.

Alþingi ber siðferðileg og pólitísk skylda til að virða niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem það boðaði til 20. október 2012 (\*). Stjórnmalaflokkar og einstaklingar sem eiga sæti á fulltrúasamkomunni geta ekki aflétt þeirri lýðræðisskyldu af Alþingi, eða komið sér undan því að sinna henni, með því að vísa til formsatriðis. Lýðræði er hornsteinninn íslensks samfélags og verður ekki ýtt til hliðar með formsatriði. Það verður ekki gert nema með því að víkja lýðræðislegum stjórnarháttum til hliðar.

Frumvarp að nýrri stjórnarskrá liggur fyrir fullunnið af hálfu Alþingis og í samræmi við vilja kjósenda. Næsta skref er að Alþingi virði niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október 2012 og samþykki frumvarpið.

Virðingarfyllst, f. h. Stjórnarskrárfélagsins,

Reykjavík, 8. janúar 2015.

Hjörtur Hjartarson, stjórnarmaður  
Sigurður H. Sigurðsson, ritari

\* Eins og lýst er í greinargerð með lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna nr. 91/2010.